

57. aukafundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 12. júlí 2012, kl.12:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Ævar Rafn Marinósson, Reimar Sigurjónsson og Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki. Oddviti óskaði eftir að fá að setja inn lið nr. 2 sem verður umsögn vegna Kátra daga. Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Skrifstofustjóri.

Sveitarstjóri fór yfir að í upphafi hafi verið fjórar umsóknir um stöðuna, ein hafi fljótlega verið dregin til baka og voru þrjár umsóknir metnar.

Samþykkt er að ráða Sigríði Jóhannesdóttur og sveitarstjóra falið að ganga frá ráðningarsamning með starfslýsingu. Sveitarstjórn þakkar Helga Mar Árnasyni fráfarandi skrifstofustjóra fyrir ákaflega vel unnin störf og óskar honum og fjölskyldu hans alls hins besta á nýjum vettvangi.

Samþykkt samhljóða.

2. Umsókn vegna Kátra daga.

a. Umsókn vegna Kátra daga frá kl. 12:00 19 júlí til kl. 24:00 sunnudagsins 22. júlí
Umsóknin samþykkt samhljóða.

b. Umsögn vegna dansleiks 21. júlí. Sveitarstjórn gerir það skilyrði að aldurstakmarkið á dansleiknum verði 18 ára.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl.13:00.